



Ársskýrsla

2012



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársskýrsla

2012

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	3
Afkoma	4
Lífeyrir.....	5
Iðgjöld	6
Tryggingafræðileg staða	8
Þróun ævilengdar	9
Verðbréfavíðskipti og lánveitingar	10
Staða gjaldmiðlavarðnarsamninga	11
Innlend hlutabréf	12
Innlend skuldabréf	14
Erlend verðbréf.....	16
Eignasafn.....	18
Lán til sjóðfélaga	20
Úrræði vegna greiðsluferfiðleika	21
Séreignardeild	22
Fjárfestingastefna	23
Áhættustefna	31
Hluthafastefna	36
Síða- og samskiptareglur	37
Skattlagning eigna sjóðfélaga.....	39
Stjórn.....	41
Starfsmenn	42


Ársreikningur

Áritun óháðs endurskoðanda	45
Skýrsla um starfsemi	
Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2012	46
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	
til greiðslu lífeyris á árinu 2012	48
Efnahagsreikningur 31. desember 2012	49
Sjóðstreymi árið 2012.....	50
Kennitölur	58
Deildaskipt yfirlit um breytingar á hreinni eign	
til greiðslu lífeyris á árinu 2012	60
Deildaskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2012	61
Deildaskipt yfirlit um sjóðstreymi árið 2012	62

Annual Report

Independent Auditor's Report.....	65
Report of the Board of Directors 2012	66
Statement of Changes in Net Assets	
for Pension Payments 2012.....	68
Balance Sheet as of December 31, 2012	69
Statement of Cash Flows 2012	70
Financial Indicators	71

Umsjón: Gerður Björk Guðjónsdóttir, markaðsstjóri

Hönnun og prentvinnsla: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Ljósmyndir:

Vignir Már Garðarsson:

Forsíða Sólfarið

bls. 9 Norðurljós við Kleifarvatn

bls. 10 Lækjarbotnar

bls. 12 Vatnsdalsá

bls. 19 Kría

bls. 21 Stelkur

bls. 26 Goðafoss

bls. 29 Jökulsá á Fjöllum

bls. 31 Karlinn, klettur við Reykjanesskaga

bls. 39 Óxarárfoss

Jóhannes Long:

bls. 7 Hekla

bls. 22 Esjan

bls. 35 Hallgrímskirkja

bls. 37 Þingvellir

bls. 41 Stjórn

bls. 42 Starfsmenn

iStockphoto:

bls. 17 Svartifoss

bls. 32 Þingvellir

bls. 40 Lómagnúpur

Shutterstock:

bls. 8 Hvítserkur

bls. 11 Seljalandsfoss

bls. 30 Leirhver í Námaskarði

Ávarp stjórnarformanns

Stærstu tíðindi ársins fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna eru án nokkurs vafa hin góða ávöxtun sem náðist á eignir sjóðfélaganna og um leið mikil eignaukning. Ávöxtun eigna sjóðsins á árinu varð 13,4%, sem þýðir að hrein raunávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu var 8,5%. Eignir jukust um nærri 57 milljarða króna þannig að í árslok var hrein eign til greiðslu lífeyris um 402 milljarðar. Vert er að vekja sérstaklega athygli á því, að þessi góði árangur næst þrátt fyrir að enn séu gjaldeyrishöft í landinu og hlutabréfamarkaður einnig skammt á veg kominn í endurreisninni.

Lífeyrissjóðir, eins og Lífeyrissjóður verzlunarmanna og aðrir íslenskir lífeyrissjóðir, eru í eðli sínu fagfjárfestar. Sjóðirnir eru því, með fjárfestingum sínum, virkir í að fjármagna atvinnulífið í landinu sem og rekstur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, með því að kaupa hlutabréf fyrirtækja og skuldabréf fyrirtækja og opinberra aðila. Það er vandasamt verk að stýra þessum fjárfestingum á þann hátt, að jafnt sé gætt að arðsemi þeirra og öryggi, um leið og kostnaði er haldið í lágmarki. Ég tel að þetta hafi stjórnendum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna tekist vel.

Lífeyrissjóðurinn er ennfremur langtímafjárfestir. Það gefur honum tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Reynslan hefur sýnt að á löngum tíma er þeim umbunað með hærri langtímaávöxtun sem eru tilbúnir að taka á sig verðsveiflur. Þetta sést glöggst ef afkoma Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er skoðuð aftur í tímann. Meðalraunávöxtun síðustu tíu ára er 3,9% og 20 ára meðalraunávöxtun, á árunum 1993 til og með 2012, er 4,6%. Langtíma meðalraunávöxtun sjóðsins er því vel yfir 3,5% raunávöxtun sem miðað er við í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða.

Tekist hefur að halda rekstrarkostnaði niðri þrátt fyrir stöðugt vaxandi kröfur um greiðslu kostnaðar af ýmsu tagi úr lífeyrissjóðunum. Samanburður á rekstrarkostnaði lífeyrissjóða innan OECD sýnir að íslensku sjóðirnir eru vel reknir á heimsmælikvarða hvað rekstrarkostnað varðar, eru þar í fresmtu röð, og innanlands er Lífeyrissjóður verzlunarmanna á meðal þeirra lífeyrissjóða sem hafa hvað lægstan rekstrarkostnað. Það dró auðvitað ekki úr kostnaði lífeyrissjóðanna þegar ríkisvaldið lagði í fyrsta sinn skatt á þá. Þannig mátti Lífeyrissjóður verzlunarmanna greiða nærri 280 milljóna króna skatt í fyrria vegna ársins 2011. Skatturinn var síðan ekki lagður á vegna 2012 fyrir mikinn þrýsting frá sjóðunum, en ríkisvaldið stóð hins vegar ekki við fyrirheit um að endurgreiða sjóðunum hinn greidda skatt.

Erlend verðbréf eru með traustustu eignum sjóðsins. Þau hafa haldið verðmæti sínu þrátt fyrir skammtímasveiflur og skilað góðri ávöxtun. Þótt gjaldeyrishöft hafi verið hér hefur Lífeyrissjóði verzlunarmanna tekist að halda hlut sínum að mestu í erlendum eignum, sem nú eru 28% eignanna og mikilvæg kjölfesta í eignasafninu. Þá hefur verið haldið áfram á þeirri braut sem fyrr var mörkuð að fjárfesta í innlendum hlutafélögum, ekki síst þeim sem hafa tekjustreymi að meira eða minna leyti í erlendum gjaldeyri. Þannig er vissulega að nokkru unnið gegn neikvæðum áhrifum gjaldeyrishaftanna. Hlutafjäreignin jókst á árinu úr 8% af eignum sjóðsins í 12%.

Ég hef áður látið í ljósi þá skoðun mína að sjóðurinn eigi að vera virkur á hlutabréfamarkaði og stuðla að frekari uppbyggingu hans, eins og við höfum leitast við undanfarin ár. Í því skyni vil ég horfa til þriggja geira atvinnulífsins þar sem ég trúi að saman fari hagsmunir almennings með sparnað sinn í lífeyrissjóðunum annars vegar og hins vegar þeirra fyrirtækja og stofnana sem um ræðir og þurfa, hvert með sínum hætti, aukið fjármagn og endurnýjun eignarhalds. Þarna á ég við banka, sem þarf að losa úr eignarhaldi andlitslausra kröfuhafa og ríkisins, orkuframleiðslu á Íslandi þar sem eignaraðild lífeyrissjóðanna getur létt verulega á skuldabyrði ríkissjóðs og þar með skattgreiðenda, orkufrekan iðnað og loks vil ég nefna sjávarútveginn sem því miður er aðeins að litlum hluta í almennu eignarhaldi.

Dregið var úr óvissu vegna gjaldmiðlavarnasamninga á árinu, þegar tókust samningar á milli lífeyrissjóðanna og slitastjórnar Kaupþings banka um uppgjör þeirra samninga. Það uppgjör leiddi ekki til aukins kostnaðar af hálfu lífeyrissjóðsins. Enn hafa tilraunir til að semja við slitastjórn Glitnis banka ekki borið árangur og er það mál í höndum lögmannna samkvæmt ákvörðun stjórnar í janúar 2012.

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðsins hefur batnað stöðugt undanfarin ár. Um nýliðin áramót var hún -0,4% samanborið við -2,3% árið 2011 og -3,4% árið 2010. Staða sjóðsins í þessu tilliti kallar því ekki á breytingar á lífeyrisgreiðslum.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins flyt ég starfsmönnum hans og sjóðfélögum þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Helgi Magnússon
stjórnarformaður

Afkoma

Ávöxtun á árinu 2012 var 13,5% sem samsvarar 8,6% raunávöxtun. Hrein ávöxtun, það er þegar rekstrar-kostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 13,4% sem samsvarar 8,5% hreinni raunávöxtun. Hrein raunávöxtun síðustu fimm ára var -2,4% og síðustu tíu ára 3,9%. Hrein raunávöxtun sjóðsins síðustu tuttugu árin var 4,6%.

Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 47,5 milljörðum. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu. Erlend hlutabréf skiluðu hæsta framlagi til ávöxtunar lífeyrissjóðsins í krónum talið en raunávöxtun erlendra hlutabréfa var 16,4%, erlend verðbréf eru í vel dreifðu safni hlutabréfa og vægi þeirra er um 28% af eignum lífeyrissjóðsins. Skráð innlend hlutabréf hækkuðu hlutfallslega mest allra eigna-

flokka eða um 19,1% umfram verðbólgu en vægi þeirra er um 7% af eignum. Innlend skuldabréf skiluðu 4,2% raunávöxtun á árinu. Bankainnstæður skiluðu jákvæðri raunávöxtun.


Langtíma raunávöxtun

Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir sem gefur honum tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingakostum. Reynslan hefur sýnt að á löngum tíma er þeim umbunað með hærri langtímaávöxtun sem eru tilbúnir að taka á sig verðsveiflur. Meðal-raunávöxtun á árunum 1993 til og með 2012 er 4,6%. Tuttugu ára meðalraunávöxtun sjóðsins er því vel yfir 3,5% raunávöxtun sem miðað er við í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða.

Raunávöxtun


	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003
Hrein raunávöxtun	8,5%	2,8%	3,4%	1,1%	-24,2%	1,1%	12,7%	16,1%	12,0%	12,0%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,4%	-3,8%	-2,0%	0,3%	2,3%	10,6%	9,8%	7,0%	4,1%	4,1%
Tíu ára meðalávöxtun	3,9%	2,8%	2,4%	2,2%	3,2%	6,9%	7,8%	7,3%	6,4%	5,9%
Tuttugu ára meðalávöxtun	4,6%	4,5%	4,7%	4,8%	5,0%	6,7%	6,9%	6,5%	5,8%	5,4%

Hrein raunávöxtun síðustu 20 ár



Hrein eign til greiðslu lífeyris 2003–2012

í milljónum króna



Lífeyrir

Með aðild að Lífeyrissjóði verzlunarmanna ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður meira en 50%. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

Þróun fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna


Lífeyrisþegar voru 11.330 í árslok 2012 og fjölgaði þeim á árinu um 7,3%. Á liðnu ári hófu 1.035 sjóðfélagar töku ellilífeyris en árið áður 821 sjóðfélagi. Þar af voru 503 eða 49% lífeyrisþega sem hófu töku lífeyris við 67 ára aldur. Lífeyrir samtryggingardeildar í hlutfalli af iðgjöldum nam 43,9% á árinu 2012 samanborið við 39,6% árið áður.

Lífeyrisþegum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Í árslok 2012 voru lífeyrisþegar alls 11.330 samanborið við 5.877 í árslok 2002 og hefur fjöldinn því tæplega tvöfaldast á einum áratug. Á þessu tímabili hefur lífeyrisþegum fjölgað að meðaltali um 6,8% á ári og lífeyrisgreiðslur á verðlagi í árslok 2012 hækkað að meðaltali um 7,5% á ári.


Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild námu 7.717 milljónum og hækkuðu um 15,3% milli ára.

Lífeyrisgreiðslur 2003–2012

í milljónum króna



Fjöldi lífeyrisþega 2003–2012



Fjöldi lífeyrisþega

	2012	2011	Breyting %
Ellilífeyrir	6.963	6.282	10,8
Örorkulífeyrir	2.533	2.471	2,5
Makalífeyrir	1.288	1.260	2,2
Barnalífeyrir	546	545	0,2
Samtals	11.330	10.558	7,3

Lífeyrisgreiðslur

í milljónum kr.

	2012	2011	Breyting %
Ellilífeyrir	5.307	4.443	19,4
Örorkulífeyrir	1.713	1.609	6,5
Makalífeyrir	594	540	10,0
Barnalífeyrir	103	99	4,0
Samtals	7.717	6.691	15,3

Skipting lífeyrisgreiðslna

	2012	2011
Ellilífeyrir	68,8%	66,4%
Örorkulífeyrir	22,2%	24,0%
Makalífeyrir	7,7%	8,1%
Barnalífeyrir	1,3%	1,5%

Iðgjöld

Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 17.289 m.kr. samanborið við 16.536 m.kr. árið 2011 sem er hækkun um 4,6%. Á árinu greiddu alls 48.350 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins. Þar af voru 32.708 virkir sjóðfélagar en það eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals greiddu 7.733 fyrirtæki iðgjöld vegna starfsmanna sinna á liðnu ári.

Iðgjöld og fjöldi greiðenda

	2012	2011	Breyting %
Iðgjöld í milljónum	17.289	16.536	4,6
Virkir sjóðfélagar	32.708	32.940	-0,7
Heildarfjöldi sjóðfélaga	48.350	47.915	0,9
Fjöldi launagreiðenda	7.733	7.541	2,5


Aðild að sjóðnum

Launþegar sem eru félagar í VR eiga aðild að sjóðnum. Aðild eiga jafnframt félagar í öðrum samtökum verslunarmanna og þeir sem byggja starfskjör sín á kjarasamningi VR eða starfa á starfssviði sjóðsins. Öllum launþegum og þeim sem stunda atvinnurekstur er skylt samkvæmt lögum að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.


Í 2. gr. laga nr. 129/1997 kemur fram að um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fari eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi, velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir

Iðgjöld 2003–2012

í milljónum króna



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga 2003–2012



því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Þá er mælt fyrir um að aðild að lífeyrissjóði skuli tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.

Á grundvelli laga eiga því ýmsir launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur valkvæða aðild að sjóðnum.

Aldursskipting greiðandi sjóðfélaga

Aldur	Hlutfall %
16 - 19	12,4
20 - 29	28,1
30 - 39	21,3
40 - 49	17,6
50 - 59	13,4
60 - 69	7,2

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga er 36 ár og um 40% þeirra eru yngri en 30 ára.

Skipting iðgjalda eftir aldri

Aldur	Hlutfall %
16 - 19	2,4
20 - 29	14,9
30 - 39	26,9
40 - 49	27,2
50 - 59	19,8
60 - 69	8,8

Skipting iðgjalda vegna ársins 2012 eftir aldri sýnir að rúmlega helmingur iðgjaldanna, eða 54%, er vegna sjóðfélaga á aldrinum 30 til 49 ára.



Tryggingafræðileg staða



Hvítserkur

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2012 var unnin af Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi hjá Talnakönnun hf. Athugunin var gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um lífeyris-sjóði, ákvæði reglugerðar nr. 391/1998, samþykktir sjóðsins og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Athugunin fólst í því að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn lífeyrisrétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Við núvirðis-útreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er þannig notuð 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.

Mat á þeim lífeyrisréttindum sem núverandi sjóðfélagar og lífeyrisþegar hafa áunnið sér kallast áfallin skuldbinding. Mat á skuldbindingum vegna réttinda sem sjóðfélagar munu ávinna sér með áframhaldandi greiðslum iðgjalda til sjóðsins kallast framtíðarskuldbinding. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðs er þannig samtala af áfallinni skuldbindingu og framtíðarskuldbindingu.

Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins árin 2012 og 2011

í milljónum kr.

Áfallin staða

	2012	2011
Eignir	403.880	348.845
Skuldbindingar	393.019	354.883
Samtals	10.861	-6.038
% af skuldbindingum	2,8%	-1,7%

Framtíðarstaða

Eignir	276.936	276.974
Skuldbindingar	290.526	285.397
Samtals	-13.590	-8.423
% af skuldbindingum	-4,7%	-3,0%

Heildarstaða

Eignir	680.816	625.819
Skuldbindingar	683.545	640.280
Samtals	-2.729	-14.461
% af skuldbindingum	-0,4%	-2,3%

Taflan sýnir að áfallin staða sjóðsins í árslok 2012 var jákvæð um 2,8% og framtíðarstaðan var neikvæð um 4,7%. Þannig eru heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar -0,4% samanborið við -2,3% í árslok 2011.

Nánari sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar miðað við árslok 2012 má sjá í skýringu 17 á bls. 57 í ársskýrslunni.

Þróun ævilengdar

Meðalævi Íslendinga hefur verið að lengjast umtalsvert á undanförunum áratugum og þar af leiðandi greiða lífeyrissjóðir sjóðfélögum ellilífeyri í stöðugt lengri tíma. Í meðfylgjandi töflu má sjá að á undanförunum fjórum áratugum hefur ólífud meðalævi (líflíkur) karla við fæðingu lengst um rúm 9 ár eða úr 71,6 ári í 80,8 ár. Ólífud meðalævi kvenna við fæðingu hefur á sama tíma lengst um rúm 6 ár eða úr 77,5 árum í 83,9 ár.

Á árunum 1971 til 1975 gat 65 ára kona vænst þess að lifa að meðaltali í 17,8 ár en árið 2012 í 21,1 ár eða um 19% lengur. Karlar hafa verið að draga á konur og geta nú vænst þess að lifa í 19,2 ár eða 28% lengur en 65 ára karlar að meðaltali á árunum 1971 til 1975.

Íslenskir karlar langlífastir í Evrópu

Líflíkur íslenskra karla hafa batnað mjög á undanförunum árum. Frá árinu 2000 hafa þeir bætt við sig rúmlega þremur árum í líflíkum. Árið 2012 voru líflíkur íslenskra karla 80,8 ár. Líflíkur íslenskra karla voru þær mestu, ásamt Svissneskum körlum, á árinu 2011 samkvæmt endurskoðuðum mannfjöldatölum Evrópu fyrir það ár.

Íslenskar konur í sjötta sæti

Lengi vel voru líflíkur íslenskra kvenna mestar í heiminum en þær hafa dregist nokkuð afturúr kynsysturum sínum í Evrópu á þessari öld. Ástæðan fyrir því er hraðari aukning ævilengdar í nokkrum Evrópulöndum. Árið 2012 voru líflíkur íslenskra kvenna 83,9 ár. Endurskoðaðar mannfjöldatölur fyrir Evrópu 2011 sýna að íslenskar konur skipuðu þá sjötta sætið yfir líflíkur kvenna á meðal Evrópuþjóða.

Ólífud meðalævi

Karlar	Við fæðingu	65 ára	80 ára
1971–1975	71,6	15,0	6,6
1991–1995	76,3	16,4	7,3
2012	80,8	19,2	8,4

Konur	Við fæðingu	65 ára	80 ára
1971–1975	77,5	17,8	7,7
1991–1995	80,8	19,3	8,7
2012	83,9	21,1	9,6

Heimild: Hagstofa Íslands.



Verðbréfavíðskipti og lánveitingar



Lækjarbotnar

Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn 53.762 milljónum króna til lánveitinga og verðbréfakaupa og seldi verðbréf fyrir 27.182 milljónir. Kaup verðbréfa umfram sölu námu því 26.580 milljónum.

Lánveitingar til sjóðfélaga og önnur fasteignaveðtryggð lán námu 2.352 milljónum. Keypt voru skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs fyrir 11.271 milljónir. Kaup á skuldabréfum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga námu 1.548 milljónum, skuldabréf fyrirtækja 1.193 milljónum og skuldabréf fasteignafélaga og fagfjárfestasjóða 5.116 milljónum. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 7.794 milljónir.

Kaup innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina námu 16.714 milljónum og sala 3.113 milljónum og voru því kaup innlendra hlutabréfa 13.601 milljón umfram sölu. Kaup erlendra verðbréfa námu 15.568 milljónum en sala 16.275 milljónir.

Verðbréfavíðskipti 2012

í milljónum kr.

	Kaup	Sala	Kaup – sala
Veðskuldabréf sjóðfélaga	2.352	0	2.352
Ríkistryggð skuldabréf	11.271	1.021	10.250
Sveitarfélög og Lánasjóður sveitarfélaga	1.548	0	1.548
Fyrirtæki, veðskuldabréf	1.193	6.773	-5.580
Skuldabréf fasteignafélaga og fagfjárfestasjóða	5.116	0	5.116
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	16.714	3.113	13.601
Erlend verðbréf	15.568	16.275	-707
Samtals	53.762	27.182	26.580

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga

Fram að falli viðskiptabankanna gerði lífeyrissjóðurinn gjaldmiðlavarnarsamninga, í þeim tilgangi að draga úr áhættu vegna misvægis á gjaldmiðlasamsetningu erlendar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvísitölu íslensku krónunnar, og þannig úr gjaldreyrisáhættu sjóðsins. Á þeim tíma sem hér um ræðir voru erlendar eignir sjóðsins rúmur þriðjungur af eignasafni hans. Lífeyrisskuldbindingar sjóðsins voru og eru hins vegar alfarið í íslenskum krónum. Markmiðið með gjaldmiðlavarnarsamningum var því að draga úr þeirri áhættu sem felst í að erlendar eignir sjóðsins geta lækkað í íslenskum krónum metið ef krónan styrkist gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Lífeyrissjóðurinn átti í viðskiptum við tvo innlenda banka vegna gjaldmiðlavarnarsamninga, Kaupþing banka annars vegar og Glitni banka hins vegar.

Í desember 2012 gekk Lífeyrissjóður verzlunarmanna, ásamt sextán öðrum lífeyrissjóðum, frá samkomulagi við slitastjórn Kaupþings banka hf. um uppgjör á óuppgjörðum samningum. Samkomulagið fól í sér fullnaðaruppgjör þessara samninga á milli lífeyrissjóðsins og bankans. Eins og fram hefur komið í ársreikningum s.l. fjögurra ára hefur lífeyrissjóðurinn fært til gjalda skuld vegna uppgjors gjaldmiðlavarnarsamninganna. Það samkomulag sem hér um ræðir mun ekki fela í sér viðbótargjaldfærslur og hefur því ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Samkomulagið mun því ekki leiða af sér breytingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

Frá haustmánuðum 2008 hefur lífeyrissjóðurinn leitast við að ná samkomulagi við skilanefnd og síðar slitastjórn Glitnis banka hf. vegna uppgjors þeirra gjaldmiðlavarnarsamninga sem sjóðurinn hafði gert við bankann. Þar sem sú viðleitni hefur ekki borið árangur ákvað stjórn sjóðsins í janúar 2012 að fela lögmönnunum að gæta hagsmuna sjóðsins við uppgjör samninganna. Þar sem ekki hefur verið fallist á sjónarmið lífeyrissjóðsins í málinu er málið nú rekið fyrir dómstólum. Lífeyrissjóðurinn hefur kynnt slita-stjórn Glitnis með ítarlegum hætti rök sín fyrir því að sjóðnum beri takmörkuð greiðsluskylda vegna uppgjors samninganna. Fyrir liggur að talsvert ber í milli ítrustu krafna aðila. Í því skyni að gæta varúðar við uppgjör sjóðsins hefur verið færð til gjalda og skuldar fjárhæð sem tekur mið af stöðu mála við fall Glitnis banka hf. í október 2008. Í því sambandi er m.a. litið til þess að eigi síðar en á þeim tímapunkti var bankinn alls ófær um að sinna sínu hlutverki sem mótaðili í nefndum samningum. Nánar er gerð grein fyrir gjald- og skuldfærslunni í skýringu 14, bls. 56 í ársreikning sjóðsins. Endanleg niðurstaða mun ráðast af mögulegum samningum við slitastjórn Glitnis banka hf. eða eftir atvikum niðurstöðu dómstóla.



Seljalandsfoss

Innlend hlutabréf



Vatnsdalsá

Þróun hlutabréfaverðs 2012

Á liðnu ári hækkaði íslenska hlutabréfavisitalan, OMXI6 um 16,5%. Marel hækkaði um 12,4%, Össur um 4,3% og Icelandair Group um 60,6%, Hagar um 38,6% og gengi hlutabréfa Eimskipa hækkaði um 10,6% miðað við útboðsgengi. Skráð fyrirtæki í NASDAQ OMX á Íslandi voru fimmtán í árslok og fjölgaði um þrjú frá fyrra ári. Reginn, Eimskip og Fjarskipti, sem jafnan er nefnt Vodafone, voru skráð á markað á árinu. Gera má ráð fyrir að félögum í kauphöll muni fjölga á árinu 2013.

Hlutabréfaviðskipti og ávöxtun

Í árslok 2012 nam innlend hlutabréfaeign sjóðsins 48,8 milljörðum kr. eða 11,8% af verðbréfaeign samanborið við 30,5 milljarða eða 8,3% af verðbréfaeign í árslok 2011. Sjóðurinn fjárfesti fyrir 13,6 milljarða í innlendum hlutabréfum umfram sölu á árinu. Er það í samræmi við þá stefnu sjóðsins að auka innlenda hlutabréfaeign.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna tók virkan þátt í hlutabréfakaupum á árinu 2012. Fjárfest var meðal annars í hlutabréfum Eimskips, Regins, Fjarskipta, N1 og TM en stefnt er á skráningu TM og N1 í NASDAQ OMX á Íslandi.

Nafnávöxtun skráðra hlutabréfa lífeyrissjóðsins var 24,4%. Það samsvarar 19,0% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði vísitala innlendra hlutabréfa um 16,5% sem samsvarar 11,5% raunávöxtun.

Innlend hlutabréfaeign í árslok

	2012	2011	2010	2009
Eign í milljónum kr.	48.787	30.528	12.690	4.772
Hlutfall af verðbréfaeign	11,8%	8,3%	3,9%	1,6%

Fimm stærstu eignir lífeyrissjóðsins í skráðum hlutafélögum (m.kr.)

Félag	m.kr.
Marel	7.696
Eimskip	6.701
Össur	6.649
Icelandair	5.903
Reginn	1.181

Skráð innlend hlutabréf sjóðsins námu 30.272 milljónum króna en óskráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini námu 18.516 milljónum. Nánari sundurliðun á eign sjóðsins í einstökum hlutafélögum má sjá í skýringu 11 á bls. 53 til 54.

Aðkoma sjóðsins að innlendum framtakssjóðum og félögum

Lífeyrissjóðurinn hefur fjárfest í innlendum framtakssjóðum sem fjárfesta aðallega í fyrirtækjum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði. Undanfarnir ár hefur sjóðurinn fjárfest í framtakssjóðunum Auði I, Brú II, Frumtaki og Framtakssjóði Íslands. Lífeyrissjóðurinn hefur gert samning um að fjárfesta í í Kjölfestu og EDDA, félögum sem fjárfesta í smærri og meðalstórum fyrirtækjum á innlendum markaði.

Fjárfestingastefna þessara sjóða er nokkuð mismunandi, þ.e. allt frá því að fjárfesta í minni eða meðalstórum fyrirtækjum sem þurfa eigið fé til vaxtar eða að fjárfest er í stórum fyrirtækjum sem stefna að skráningu á hlutabréfamarkaði. Stærð sjóðanna er mismunandi en Framtakssjóður Íslands hefur þar sérstöðu hvað stærð og umfang varðar. Hlutverk Framtakssjóðsins er meðal annars að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs.

Fjárfestingarloforð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna voru um áramót 13,3 milljarðar króna og þar af hefur nú þegar verið fjárfest fyrir rúma 7,5 milljarðar króna. Bókfært virði þessara eignarhluta er 9,0 milljarðar króna. Eignarhlutur lífeyrissjóðsins er frá því að vera 9,4% til 20% í ofangreindum framtakssjóðum. Hér er um verulega fjármuni að ræða og því mikilvægt að vel takist til við ávöxtun þeirra. Fram kemur í fjárfest-

ingastefnu sjóðsins að þegar fjárfest er í óskráðum hlutafélögum og nýsköpunarverkefnum skuli það gert í gegnum sérstaka fjárfestingasjóði. Tilgangurinn er m.a. að ná fram áhættudreifingu og fela sérhæfðum aðilum rekstur slíkra sjóða. Það er mat Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að á tímum sem þessum megi vænta góðrar langtímaávöxtunar af innlendum framtakssjóðum.


Aðkoma sjóðsins að innlendum fasteignafélögum

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti á árinu í innlendum fasteignafélögum SRE II sem rekið er af Stefni rekstrarfélagi, FAST-1 sem rekið er af Íslandsbanka og FÍ Fasteignafélagi sem rekið er af MP banka. Markmið félaganna er fjárfesting í traustum eignum í langtímaútleigu. Fjárfestingarloforð lífeyrissjóðsins er samtals um fimm milljarðar í innlendum fasteignafélögum.

Þróun innlends hlutabréfaverðs á árinu



OMXI6 er hlutabréfavisitala sem mælir verðbreytingar sex stærstu fyrirtækja í NASDAQ OMX á Íslandi.



Markaðsvirði 8 stærstu hlutafélaga í NASDAQ OMX á Íslandi, í milljónum króna í árslok 2012.

Innlend skuldabréf

Innlend skuldabréfaeign sjóðsins var í árslok 210 milljarðar króna í samanburði við 196 milljarða króna í árslok 2011. Innlend skuldabréf eru um helmingur eigna lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur um langt árabil fjárfest í innlendum skuldabréfum og vega þar þyngst skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs. Á árinu 2012 lækkaði vægi innlendra skuldabréfa í eignasafni lífeyrissjóðsins. Útgáfa skuldabréfa á innlendum markaði hefur verið lítil síðustu ár og stefnir í að svo verði einnig á árinu 2013 að mati greiningaraðila.


Stýrivextir

Vaxtahækkunarferli Seðlabanka Íslands hófst í ágúst 2011 og hélt áfram á árinu 2012. Á árinu voru stýrivextir hækkaðir um 1,25 prósentustig og voru við árslok 6,0%. Helstu rök Seðlabankans fyrir hækkun stýrivaxta voru veikt gengi íslensku krónunnar, meiri verðbólguvæntingar, vísbendingar um aukinn hagvöxt og aukna eftirspurn. Að mati greiningaraðila varð í árslok viðsnúningur í væntingum til ofangreindra þátta ef undan er skilin veik króna.

Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa 2012


Árið 2012 einkenndist af minni sveiflum í ávöxtunarkröfu skuldabréfa og minni veltu en árið á undan. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa var lítillega lægri í lok árs en í upphafi og sveiflaðist á þröngu bili yfir árið. Í upphafi árs bauðst fjárfestum að kaupa íbúðabréf með lokagjalddaga 2034 (HFF 34) á ávöxtunarkröfunni 2,5% en í árslok var hún lítillega lægri eða 2,3%.

Skuldabréfasafn í árslok 2012



Myndin sýnir flokkun innlendra skuldabréfa sjóðsins. Ríkistryggð skuldabréf eru nú um 57% og sjóðfélagalán 19% af skuldabréfaeign sjóðsins.

Þróun ávöxtunarkröfu íbúðabréfa (HFF) 2012




Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa 2012

Óverðtryggð ríkisskuldabréf þróuðust með líkum hætti og verðtryggð bréf á árinu. Í upphafi árs var ávöxtunarkrafa á lengri óverðtryggðum ríkisbréfum (RIKB 25) um 6,9% og hækkaði framan af ári, náði hámarki sínu í lok mars í 7,7% en lækkaði eftir það og endaði árið í 6,9%. Óverðtryggð ríkisskuldabréf með styttri líftíma bera mun lægri ávöxtun í árslok eða um 4,5% en eigendur bréfanna eru nær eingöngu erlendir fjárfestar á meðan eigendur lengri bréfanna eru að mestu leyti innlendir.


Verðbólga

Verðbólga á árinu 2012 lækkaði jafnt og þétt yfir árið ef miðað er við tólf mánaða verðbólgu. Í upphafi árs var tólf mánaða verðbólga um 6% en lækkað síðan og endaði í um 4%. Munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra og verðtryggðra skuldabréfa endurspeglar verðbólguvæntingar í framtíðinni og hefur munurinn fylgt tólf mánaða verðbólgu nokkuð vel undanfarna mánuði. Ýmsar aðstæður og hagstærðir geta haft áhrif á verðbólguþróun og má þar nefna gengi krónunnar, launabreytingar og hrávöruverð.

Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) 2012



Þróun 12 mánaða verðbólgu 2012



Erlend verðbréf


Erlend verðbréfaeign sjóðsins um sl. áramót nam um 118 milljörðum króna en var um 101 milljarður ári áður. Erlend verðbréfaeign sjóðsins er 28% af eignum. Erlend verðbréf eru ávöxtuð í vel dreifðum alþjóðlegum hlutabréfasófnum. Af erlendu verðbréfaeigninni eru 68,7 milljarðar í alþjóðlegum hlutabréfum, 37,3 milljarðar í framtakssjóðum (e. private equity), 10,9 milljarðar í hlutabréfum í Asíu og 1 milljarður í skuldabréfasjóðum.

Nánari skiptingu á erlendu verðbréfaeigninni eftir viðmiðum um ávöxtun má sjá í skýringu 11, bls. 54 til 55.


Heimsvísitala Morgan Stanley með arði hækkaði um 15,8% í dollurum, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Hlutabréf í Bandaríkjunum, sem veга mest í heimsvísitölunni hækkuðu um 13,4% í dollar og hlutabréf í Evrópu hækkuðu



Verðþróun alþjóðlegra hlutabréfa á árinu 2012 samkvæmt vísitölu Morgan Stanley



Verðþróun á hlutabréfamörkuðum



um 13,2% í evrum. Japanski hlutabréfamarkaðurinn hækkaði um 22,9% í jenum en aðrir hlutabréfamarkaðir í Asíu (MSCI AC ASIA x JAPAN) hækkuðu um 19,4% í dollar. Gengi íslensku krónunnar veiktist um 6,3% gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2012. Ávöxtun erlendra verðbréfa lífeyrissjóðsins var 15,4% í dollurum en raunávöxtun í íslenskum krónum var 16,4%.

Sala erlendra verðbréfa umfram kaup nam um 700 milljónum króna. Vegna gjaldeyrishafta er lífeyrissjóðnum óheimilt að selja krónur og kaupa erlendan gjaldeyri til fjárfestinga erlendis. Þrátt fyrir það er sjóðnum heimilt að uppfylla fjárfestingarloforð í erlendar fjárfestingar sem gerðar voru fyrir haustið 2008. Útistandandi loforð í erlendar framtaksfjárfestingar eru um 12 milljarðar en hafa verður í huga að framtakssjóðir innkalla sjaldnast fjárfestingarloforð sín að fullu.

Gjaldeyrishöft hafa verið á Íslandi frá haustinu 2008. Það felur í sér hömlur á nýjum erlendum fjárfestingum. Auk þess er ekki mögulegt að beita gjaldeyrsvörnum og er erlend verðbréfaeign sjóðsins því óvarin gagnvart gengissveiflum íslensku krónunnar.

Erlend verðbréfaeign í árslok

	2012	2011	2010	2009
Eign í milljónum kr.	117.860	101.014	97.058	104.230
Hlutfall af verðbréfaeign	28,5%	27,5%	29,7%	34,9%

Nánari sundurliðun á erlendu verðbréfaeigninni í árslok má sjá í skýringu 11 á bls. 54 til 55.

Áhættudreifing

Sjóðurinn hefur frá árinu 1994 fjárfest í alþjóðlegum verðbréfasöfnum til að dreifa áhættu í eignasafninu og dreifa áhættu á einstaka skuldara og fyrirtæki. Ríflega aldarlöng reynsla af alþjóðlega dreifðum fjárfestingum hefur sýnt að til lengdar litið skila erlend hlutabréf góðri ávöxtun. Þá er mikilvægt að hafa í huga að þá fjármuni sem sjóðurinn er að ávaxta á erlendum fjármálamörkuðum þarf ekki að færa aftur til Íslands til lífeyrisgreiðslna fyrr en að áratugum liðnum. Þó er rétt að benda á að bókfært virði erlendra eigna í íslenskum krónum hefur áhrif á uppgjör hvers árs og þar með á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.



Svartifoss

Eignasafn

Eignir námu 415.7 milljörðum króna í árslok 2012 samanborið við 369.7 milljarða í árslok 2011 og hækkaði því um 46 milljarða eða 12,4% á milli ára. Eignasafn í árslok skiptist þannig hlutfallslega, að innlend skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs nema 28,9% af eigninni, lán til sjóðfélaga 9,5%, önnur skuldabréf 12,1%, bankainnstæður 8,7%, innlend hlutabréf 11,7%, erlend verðbréf 28,4% og aðrar eignir 0,7%.

Skipting eignasafns

í milljónum kr.

	2012	%	2011	%
Bankainnstæður	35.999	8,7	39.197	10,6
Veðskuldabréf sjóðfélaga	39.618	9,5	40.268	10,9
Íbúðabréf	76.886	18,5	76.454	20,7
Húsbréf	4.178	1,0	4.515	1,2
Íbúðalánasjóður	824	0,2	930	0,2
Önnur bréf með ríkisábyrgð	38.449	9,2	26.485	7,1
Bankar og sparissjóðir	7.995	1,9	11.699	3,2
Ýmsir lánasjóðir	6.942	1,7	7.021	1,9
Fyrirtæki	14.607	3,5	15.388	4,2
Sveitarfélög	11.622	2,8	9.922	2,7
Önnur veðskuldabréf	2.857	0,7	3.420	0,9
Skuldabréf fasteignafélaga og fagfjárfestasjóða	6.236	1,5	0	0,0
Innlend hlutabréf	48.787	11,7	30.528	8,3
Erlend verðbréf	117.860	28,4	101.014	27,3
Aðrar eignir	2.844	0,7	2.820	0,8
Samtals	415.704	100	369.661	100


Þróun eignasafns

Bankainnstæður lækkuðu á milli ára um rúma 3 milljarða eða um 2% af vægi eigna. Innlend skuldabréf hækkuðu um 14 milljarða króna á árinu en sem hlutfall af heildarstærð minnkaði vægi þeirra á liðnu ári um 3%. Í kjölfar aukinnar áherslu sjóðsins á fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hefur vægi þeirra hækkað úr 8% í 12%. Aukningin nemur rúmum 18 milljörðum króna sem kemur bæði til vegna nýrra fjárfestinga og góðrar ávöxtunar á árinu. Taflan hér að neðan sýnir skiptingu eignasafns á liðnum árum.


Skipting eignasafns

	2012	2011	2010	2009	2008
Skuldabréf og innstæður	60%	65%	66%	64%	66%
Innlend hlutabréf	12%	8%	4%	1%	1%
Erlend verðbréf	28%	27%	30%	35%	33%

Skipting eignasafns í árslok 2012



Skipting eignasafns 2003–2012



Þegar þróun eignasafns sjóðsins síðastliðin 5 ár er skoðuð sést að vægi skuldabréfa og innstæðna í upphafi tímabilsins er um 66% en er nú 60%. Undanfarin fimm ár hefur samanlögð hlutdeild skuldabréfa og bankainnstæðna því lækkað um 6%. Á sama tíma hefur hlutfall erlendra hlutabréfa farið heldur lækkandi úr 33% í 28% en hafa verður í huga að lífeyrissjóðurinn hefur ekki getað aukið við fjárfestingar sínar erlendis frá haustmánuðum 2008 vegna gjaldeyrishafta. Vægi erlendra verðbréfa stóð í stað þrátt fyrir að sjóðurinn hafi stækkað umtalsvert á árinu 2012 en það endurspeglast í góðri ávöxtun erlendra bréfa á árinu og hækkandi verði erlendra gjaldmiðla.



Lán til sjóðfélaga

Eftirspurn eftir fasteignalánum hefur almennt verið lítil á meðal einstaklinga og endurspeglast það í takmarkaðri eftirspurn eftir lánum hjá lífeyrissjóðnum.

Lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum verðtryggð lán með tvenns konar vaxtarkjörum, föstum vöxtum og breytilegum vöxtum. Í ársbyrjun 2012 ákvað stjórn lífeyrissjóðsins að lækka fasta vexti á nýjum sjóðfélagalánum úr 4,50% í 3,90%. Breytilegir vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar, í samræmi við ákvæði lánareglna sjóðsins og fylgja þróun vaxta á íbúðabréfum (HFF34). Í árslok voru breytilegir vextir 2,97%.

Sjóðfélögum voru lánaðar alls 1.207 milljónir samanborið við 1.252 milljónir á árinu 2011. Afgreidd voru 199 sjóðfélagalán samanborið við 163 árið áður.

Afgreidd sjóðfélagalán

í milljónum kr.


	2012	2011	Breyting
Lánað	1.207	1.252	-4%
Fjöldi lána	199	163	22%
Meðalfjárhæð	6,1	7,7	-21%
Hlutfall af fjárfestingum	2,2%	2,9%	

Tegund sjóðfélagalána

	Fastir vextir	Breytilegir vextir
Fjárhæð í m.kr.	548	659
Fjöldi lána	80	119
Meðalfjárhæð í m.kr.	6,9	5,5

Afgreidd sjóðfélagalán 2003–2012

í milljónum króna



Fjöldi afgreiddra lána eftir aldri

Aldur	2012	2011
20 – 29	9	7
30 – 39	26	29
40 – 49	43	50
50 – 59	69	48
60 – 69	40	21
70 – 79	12	8
Samtals	199	163

Útistandandi lán

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 39.618 milljónum í árslok eða um 9,5% af heildareignum samanborið við 40.268 milljónir eða um 10,9% af eignum í árslok 2011.

Staða sjóðfélagalána í árslok

í milljónum kr.

	2012	2011	Breyting
Útistandandi lán í m.kr.	39.618	40.268	-2%
Fjöldi lána	8.578	8.956	-4%
Meðalfjárhæð í m.kr.	4,6	4,5	2%
Hlutfall af heildareignum	9,9%	11,7%	

Vanskil sjóðfélagalána

(meira en 3ja mánaða vanskil)

	2012	2011
Vanskil í m.kr.	478	427
Hlutfall af heildarfjárhæð sjóðf.lána	1,2%	1,1%
Fjöldi lána	666	770
Hlutfall af heildarfjölda sjóðf.lána	7,8%	8,6%

Fjárhæð þeirra lána sem eru í meira en 90 daga vanskilum er 1,2% af heildarfjárhæð útistandandi sjóðfélagalána sem er svipað hlutfall og í árslok 2011. Fjöldi lána í vanskilum fer lækkandi og eru 7,8% lána í meira en 90 daga vanskilum.

Úrræði vegna greiðsluferfiðleika

Á árinu 2012 var sem fyrr lögð áhersla á að bjóða upp á úrræði vegna greiðsluferfiðleika. Úrræði sem sjóðfélögum standa til boða eru margvísleg. Mál hvers og eins eru yfirfarin og metin og er leitast við að aðstoða lántakendur með tilliti til aðstæðna. Þannig er lánnum skuldbreytt eftir því sem aðstæður bjóða, þau lengd og boðið upp á að greiða eingöngu vexti í tiltekinn tíma. Ennfremur hafa margir lántakendur nýtt sér greiðslujöfnun.

Eftirtalin úrræði standa sjóðfélögum til boða

Lánstími lengdur í allt að 40 ár

Lántakendum býðst að lengja lánstíma í 40 ár frá útgáfudegi og lækka þannig greiðslubyrðina.

Afborgunarlaust – eingöngu greiddir vextir

Boðið er upp á að greiða eingöngu vexti og verðbætur á vexti í ákveðinn tíma og lækka þannig greiðslubyrðina tímabundið með því að fresta greiðslum afborgana. Eftir þann tíma verður greiðslubyrðin hærri en annars hefði verið þar sem uppsafnaðar afborganir og verðbætur bætast við höfuðstól lánsins. Í undantekningartilfellum er boðið upp á tímabundna frýstingu afborgana og vaxta.

Láni með jöfnum afborgunum breytt í jafngreiðslulán

Oft er greiðslubyrði lána með jöfnum afborgunum nokkuð þyngri en af jafngreiðslulánum. Ef lán er á fyrsta veðrétti er hægt að lækka greiðslubyrðina með því að óska eftir breytingu á skilmálum láns með

jöfnum afborgunum þannig að afborganir miðist við jafnar greiðslur.

Fjölgun gjalddaga

Fyrir þá sem eru með afborganir sjaldnar en á eins mánaðar fresti, getur verið ráðlegt að breyta í mánaðarlegar afborganir. Þannig verður greiðslubyrðin jafnari og minni hætta er á að komi til vanskila.

Skuldbreyting

Skuldbreyting á við ef um veruleg vanskil er að ræða og ólíklegt er að önnur úrræði leysi greiðsluvandann. Skuldbreyting felst í því að uppsöfnuðum vanskilum er bætt við eftirstöðvar lánsins. Möguleiki til að skuldbreyta getur takmarkast af veðrymi og samþykki síðari veðhafa.

Úrræði á grundvelli laga og samkomulags aðila á fjármálamarkaði

Á árinu 2012 stóð lántakendum til boða nokkur úrræði á grundvelli nýlegra laga og samkomulags aðila á fjármálamarkaði. Þar er helst að nefna greiðslujöfnun fasteignalána, greiðsluaðlögun og sértæk skuldaaðlögun en umsóknarfrestur um síðastnefnda úrræðið rann út 31. desember 2012.

Að framansögðu má sjá að ýmsar leiðir eru færar fyrir þá sem lenda í fjárhagsvanda og er mikilvægt fyrir sjóðfélaga sem sjá fram á að eiga í greiðsluferfiðleikum að hafa samband við sjóðinn sem fyrst um úrlausn sinna mála og koma þannig í veg fyrir aukinn kostnað og áhyggjur.



Séreignardeild

Sjóðfélögum standa til boða tvær ávöxtunarleiðir fyrir séreignarsparnað.

Verðbréfaleið

Verðbréfaleið hefur verið í boði frá árinu 1999. Sparnaður er ávaxtaður í dreifðu safni innlendra og erlendra verðbréfa. Áhersla er lögð á góða langtíma-ávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta verið allnokkrar frá einum tíma til annars. Verðbréfaleið er ætluð þeim sem eru að byggja upp lífeyrissparnað til langs tíma. Fjárfestingastefna verðbréfaleiðar endurspeglar af fjárfestingastefnu samtryggingardeildar lífeyris-sjóðsins. Í verðbréfaleið gefst sjóðfélögum kostur á að nýta stærðarhagkvæmni lífeyrissjóðsins og er rekstrarkostnaður hennar með því lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóða eða einungis 0,07% af eignum.

Hrein ávöxtun verðbréfaleiðar á árinu 2012 var 13,4% sem svarar til 8,5% raunávöxtunar. Meðalraun-ávöxtun síðustu fimm ára er -2,4% og síðustu tíu ára 3,9%. Séreignardeildin er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins.

Innlánsleið

Innlánsleið er ávöxtunarleið þar sem sparnaður er ávaxtaður í innlánnum banka. Lögð er áhersla á verðtryggð innlán. Innlánsleið er ætluð þeim sem hafa hafið úttekt lífeyrissparnaðar eða gera ráð fyrir því að hefja úttekt hans innan fárra ára.

Hrein ávöxtun innlánsleiðar á liðnu ári var 6,2% sem svarar til 1,6% raunávöxtunar.

Flutningur milli ávöxtunarleiða

Sjóðfélagar geta með umsókn til sjóðsins skipt um þá ávöxtunarleið sem greitt er til og/eða flutt upp-safnaðan sparnað milli leiða.

Lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu alls 415 milljónum króna en voru 667 milljónir árið 2011. Greiðslur vegna tímabundinnar heimildar til úttektar á séreignarsparnaði námu 279 milljónum til 453 einstaklinga samanborið við 507 milljónir til 801 einstaklings á árinu 2011.

Inneignir og iðgjöld

Inneignir séreignardeildar námu 7.508 milljónum í árslok 2012 en 6.570 milljónum árið áður. Alls áttu 41.395 sjóðfélagar inneignir samanborið við 41.259 í árslok 2011. Iðgjöld til séreignardeildar námu 445 milljónum á árinu 2012 samanborið við 531 milljón árið 2011.

Séreignardeildin

í milljónum kr.

	2012	2011	Breyting %
Iðgjöld	445	531	-16
Lífeyrisgreiðslur	415	667	-38
Inneignir í árslok	7.508	6.570	14
Fjöldi með inneignir	41.395	41.259	0

Nánari sundurliðun séreignardeildar má sjá í árs-skýrslunni á bls. 60 til 61.



Fjárfestingastefna

1. Grundvöllur fjárfestingastefnu sameignardeildar

a) Lagalegur grundvöllur

Fjárfestingastefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er grundvölluð á VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, samþykktum sjóðsins og á samningi VR og samtaka atvinnurekenda frá 30. desember 1996 um lífeyrismál.

b) Forsendur

LV er fagfjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum hans og hámarka réttindi sjóðfélaga. Við eignastýringu eru fjárfestingakostir metnir með tilliti til arðsemi og áhættu og með hliðsjón af því markmiði að ná ávöxtun umfram tryggingafræðileg viðmið.

Fjármagn sjóðsins skal ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til varúðarsjónarmiða, áhættu og verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins.


Við mótun fjárfestingastefnunnar er horft til þess hvernig megi bæta samspil ávöxtunar og áhættu eignasafnsins. Við matið er beitt samvalsgreiningu (e. Strategic Asset Allocation) þar sem tekið er tillit til lífeyrisskuldbindinga, lagalegra takmarkana og möguleika í fjárfestingum. Jafnframt er lagt mat á hvaða ávöxtunar megi vænta á helstu eignaflokkum og hvernig ætla megi að samhengi ávöxtunar verði milli eignaflokka.

Það leiðir af eðli máls að núverandi fjárfestingarumhverfi setur mark sitt á mótun fjárfestingastefnu og ráðstöfun fjármagns. Þar hafa til að mynda áhrif þættir eins og gjaldeyrishöft, hömlur á beitingu gjald-eyrisvarna, takmarkað framboð skráðra verðbréfa og aðstæður á skuldabréfamörkuðum.

c) Lífeyrisbyrði


Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrir (elli-, maka-, barna- og örorkulífeyrir) í hlutfalli af iðgjöldum, hefur farið hækkandi frá árinu 2000 er hún var 27,5%, samanborið við rúmlega 40% á árinu 2012. Spá um þróun lífeyrisbyrði á næstu árum bendir til þess að hún vaxi hægfara og fari yfir 50% á árinu 2017.

Lífeyrisbyrði án nýliðunar sjóðfélaga



Mynd 1: Lífeyrisbyrði sjóðsins (áætlaðar lífeyringreiðslur á móti iðgjöldum). Gögn miðast við tryggingafræðilega úttekt þar sem ekki er gert ráð fyrir nýliðun sjóðfélaga. Vænt eðlileg nýliðun í sjóðnum myndi lækka lífeyrisbyrðina.

Hreint greiðsluflæði



Mynd 2: Hreint greiðsluflæði, þ.e. iðgjöld og greiðslur af skuldabréfum að frádregnum lífeyrisgreiðslum, og lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum og greiðslum af skuldabréfum. Bent er á að við útreikning á greiðsluflæði er ekki gert ráð fyrir nýliðun í sjóðnum né endurfjárfestingum í skuldabréfum.

Ef skoðað er hreint greiðsluflæði til sjóðsins, þ.e. iðgjöld og greiðslur af skuldabréfum að frádregnum lífeyri sést að það er jákvætt næstu 15 árin, sbr. mynd 2 hér að ofan. Rétt er þó að hafa í huga að hér er ekki gert ráð fyrir nýliðun í sjóðnum.


Þessi fyrisjáanlega þróun með tilliti til réttinda-ávinnslu hjá lífeyrissjóðnum mun leiða til þess að áætlað framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga mun nema líðlega 20% af iðgjöldum og greiðslum af skuldabréfum á árinu 2016. Ofangreind

þróun lífeyrisbyrðar og hreins greiðsluflæðis styður þá niðurstöðu að beitt sé langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu lífeyrissjóðsins.

d) Framtíðargreiðsluflæði


Á mynd 3 má sjá framtíðargreiðsluflæði miðað við tryggingafræðilegt uppgjör sjóðsins. Áætlaðir vextir og iðgjöld mynda jákvætt greiðsluflæði á móti skuldbindingum sjóðsins þar sem stærsti hluti skuldbindinga er ellilífeyrir.

Framtíðargreiðsluflæði



Mynd 3: Áætlað framtíðargreiðsluflæði sjóðsins miðað við tryggingafræðilega úttekt. Framtíðariðgjöld núverandi sjóðfélaga eru áætluð og gert er ráð fyrir 3,5% ávöxtun á eignum sjóðsins (jákvætt greiðsluflæði). Á móti myndast skuldbindingar gagnvart sjóðfélögum í formi elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris, auk kostnaðar við rekstur sjóðsins.

Fjöldi sjóðfélaga og lífeyrisþega án nýliðunar



Mynd 4: Áætlaður fjöldi sjóðfélaga og lífeyrisþega miðað við tryggingafræðilega úttekt. Rétt er að hafa í huga að ekki er gert ráð fyrir nýliðun sjóðfélaga í tryggingafræðilegri úttekt.

e) Samsetning sjóðfélaga

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga er 37 ár. Iðgjöld til sjóðsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 skiptast þannig að 20% iðgjalda eru vegna sjóðfélaga yngri en 30 ára, 44% eru vegna sjóðfélaga yngri en 40 ára og 72% iðgjalda eru vegna sjóðfélaga yngri en 50 ára.

f) Reiknað greiðsluflæði áfallinna- og framtíðarskuldbindinga

Á mynd 5 sést framtíðargreiðsluflæði áfallinna- og framtíðarskuldbindinga samkvæmt forsendum tryggingafræðilegs uppgjors. Meðallíftími áfallinna skuldbindinga er um 24 ár og meðallíftími framtíðarskuldbindinga er um 37 ár.


2. Deildarskipting

LV skiptist í tvær deildir:

- **A-deild**, sem er sameignardeild. Í A-deild greiðast lögboðin eða samningsbundin iðgjöld, sbr. gr. 10.1. og 10.2. í samþykktum sjóðsins.
- **B-deild**, sem er séreignardeild. Í B-deild greiðast viðbótariðgjöld, sbr. gr. 10.3. í samþykktum sjóðsins. Séreignardeildin býður upp á tvær ávöxtunarleiðir:

Verðbréfaeið, sem fylgir sömu fjárfestingastefnu og A-deild, sameignardeild. Sérstök viðmið um lausafjárhlutfall, laust fé og auðseljanleg verðbréf eru að lágmarki 25%.

Framtíðargreiðsluflæði



Mynd 5: Áætlað greiðsluflæði áfallinna og framtíðar skuldbindinga.

Innlánsleið, sem er ávöxtuð í innlánnum viðskiptabanka og sparisjóða með áherslu á verðtrygð innlán.

Verðbréfaeið: Í lok september 2012 námu heildareignir kr. 6.954 milljónum. Þar af áttu sjóðfélagar yngri en 40 ára 18% af heildareign, sjóðfélagar á aldrinum 40 til 49 ára áttu 27%, sjóðfélagar á aldrinum 50 til 59 ára 34% og sjóðfélagar 60 ára og eldri 21% af heildareignum.

Séreignariðgjöld til Verðbréfaeiðar námu 494 milljónum árið 2011 en iðgjöld ársins 2012 eru áætluð um 500 milljónir.

Tímabundin lagaheimild til útgreiðslu lífeyrisparnaðar jók útfæði úr Verðbréfaeið á árinu 2011. Þannig námu lífeyrisgreiðslur í heild 627 milljónum á árinu 2011 en lífeyrisgreiðslur ársins 2012 eru áætlaðar um 370 milljónir.

Eignasamsetning Verðbréfaeiðar endurspeglar eignasamsetningu sameignardeildar.

Innlánsleið: Í lok september 2012 námu heildareignir í innlánsleið kr. 336 milljónum. Þar af áttu sjóðfélagar yngri en 40 ára 1% af eign, sjóðfélagar á aldrinum 40 til 49 ára 13%, sjóðfélagar á aldrinum 50 til 59 ára 23% og sjóðfélagar 60 ára og eldri 63% af heildareignum.

Iðgjöld í Innlánsleið eru áætluð 28 milljónir á árinu 2012 og lífeyrisgreiðslur eru áætlaðar 31 milljón.

Eignir Innlánsleiðar eru að fullu ávaxtaðar í innlánnum hjá bönkum og sparisjóðum með áherslu á verðtrygð innlán.

Útgreiðslur úr B-deild (séreignardeild).

Væntar útgreiðslur á árinu 2012 ráðast einkum af aldri sjóðfélaga en heimilt er að taka eign í séreignardeild út frá 60 ára aldri. Einnig er heimilt að taka eign út við fráfall sjóðfélaga sem og við örorku ef orkutap er umfram 50%. Þá hefur tímabundin lagaheimild til úttektar séreignarsparnaðar áhrif til aukinna útgreiðslna.



Sjóðfélögum er heimilt að flytja eign sína til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Möguleg áhætta vegna þessa fyrir Verðbréfaleið er fyrir hendi en takmarkast af sterkri lausafjárstöðu og takmörkuðu umfangi leiðarinnar. Innlánsleið er alfarið ávöxtuð í innlánnum og er áhætta vegna flutninga takmörkuð.

3. Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Ávöxtunarviðmið:

- Viðmið um raunávöxtun annarra eignaflokka en hlutabréfa er 3,0 til 5,5%.
- Viðmið við ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins er Úrvalsvísitala aðallista NASDAQ OMX á Íslandi.
- Viðmið við ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins er heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI).
- Ávöxtunarviðmið erlendra framtakssjóða (Private Equity Funds) er almennt 5 til 8% umfram ávöxtun heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI).

a) Núverandi eignasamsetning og áhrif hennar á fjárfestingastefnuna

Hinn 30. september 2012 var hlutfallsleg eignasamsetning sjóðsins eftirfarandi:

Eignaflokkur:	%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	8,3
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	31,5
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5,3
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	3,0
Fasteignatryggð skuldabréf	10,8
Innlend hlutabréf	11,2
Innlend hlutdeildarskírteini	0,3
Erlend verðbréf	28,1
Önnur verðbréf	1,5

Gjaldmiðlasamsetning eignasafnsins skiptist þannig að 47% er í USD, 18% er í EUR, 8% í JPY og 27% í öðrum myntum sem liggur nærri markmiði sjóðsins um gjaldmiðlasamsetningu sem gerir ráð fyrir að erlendar fjárfestingar sjóðsins taki mið af heimsvísitölu Morgan Stanley.



Skuldabréfasafn sjóðsins einkennist af útgáfu ríkis-tryggðra skuldabréfa, að stórum hluta tengdum fjármögnun Íbúðalánasjóðs, auk beinna fasteignaveð-tryggðra lánveitinga lífeyrissjóðsins til sjóðfélaga.

b) Hlutfall helstu eignaflokka

Fjárfestingastefnan gerir ráð fyrir að hlutfall helstu eignaflokka af heildareignum verði sem hér greinir:

Eignaflokkur:	Frá %	Til %
Innlán	0	15
Innlend skuldabréf	40	70
Innlend hlutabréf	5	20
Erlend skuldabréf	0	5
Erlend hlutabréf ^{x)}	20	40

x) Undir erlend hlutabréf falla að auki „Private equity“ fjárfestingar.

Gert er ráð fyrir að atvinnugreinaskipting erlendra fjárfestinga sjóðsins hafi svipað vægi og heimsvísitala Morgan Stanley.

c) Viðmið um eignaskiptingu

Ráðstöfun fjármagns og eignastýring á verðbréfasafni sjóðsins skal byggjast á tegundaflokkun innlána og verðbréfa sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum. Skulu eftirfarandi viðmið notuð um skiptingu eigna þannig að vægi einstakra verðbréfaflokka geti að hámarki numið:

Eignaflokkur	Hámark í %
1. Innlán í bönkum og sparisjóðum	15
2. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	50
3. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10
4. Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	15
5. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	25
6. Hlutabréf, hlutdeildarskírteini eða hlutir í verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu	60
7. Önnur verðbréf	15

Skýringar:

- Innlán í bönkum og sparisjóðum.** Innlán banka og sparisjóða skulu alla jafna vera undir 15% af eignum.
- Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs.** Í vixlum og skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og íbúðabréf.
- Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga.** Í skuldabréfum og vixlum útgefnum af sveitarfélögum með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu eða

með ábyrgð þeirra. Verðbréf þessi skulu að jafnaði skráð á skipulegum markaði.

- Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana.** Í skuldabréfum og vixlum útgefnum af bönkum og sparisjóðum, fjárfestingarbönkum og öðrum lánastofnunum, enda hafi þessar stofnanir trausta eiginfjárstöðu og starfi samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Verðbréf samkvæmt þessum flokki skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf.** Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, þ.m.t. sjóðfélagalán. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni frá sjóðnum, mega ekki fara umfram 75% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir. Þegar um sérhæft atvinnuhúsnæði er að ræða þá skal hámarkið vera 35% af metnu markaðsvirði. Veðandlög eru því bæði íbúðarhúsnæði, heilsársbústaðir (lánstími takmarkaður við 15 ár og fjárhæðir við 3 milljónir), lögbýli og atvinnuhúsnæði með þeim takmörkunum sem að ofan greinir.
- Hlutabréf.** Í hlutabréfum innlendra fyrirtækja og innlendum samlagshlutafélögum. Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum skulu að hámarki nema 50% af eignum. Eignarhluti sjóðsins í einstökum hlutafélögum takmarkast við 15%. Þó getur eignarhlutur í innlendum samlagshlutafélögum numið allt að 20%, sbr. gildandi bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 129/1997, með síðari breytingum. Eignist sjóðurinn hlut í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn skal slík eignaraðild takmarkast við 25%.
- Hlutdeildarskírteini eða hlutir í verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum.** Sjóðnum er ekki heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða sama fjárfestingasjóði eða einstakri deild hans. Hámarksfjárfesting í verðbréfasjóðum eða fjárfestingasjóðum innan sama rekstrarfélags er 25% af hreinni eign. Ekki er sjóðnum heimilt að eiga meira en 15% af útgefnum hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

8. **Önnur verðbréf.** Þegar fjárfest er í skuldabréfum fyrirtækja skulu þau hafa trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á skipulegum markaði og stefnt sé að skráningu hlutabréfa félagsins á skipulegan markað. Við mat á eiginfjárstöðu og rekstrarafkomu er m.a. horft til þess hvort fyrirtæki hafi verið fjárhagslega endurskipulagt, stofnað á grunni eldra fyrirtækis eða með samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja. Undir önnur verðbréf fellur einnig fjárfesting í verðbréfum útgefnum af lögaðilum til fjármögnunar á innviðafjárfestingum (Infrastructure Investments) með aðkomu hins opinbera.

Afleiðusamningar. Afleiðusamningar eru gerðir til að draga úr áhættu sjóðsins. Heimilt er því að gera afleiðusamninga til að draga úr áhættu vegna undirliggjandi eignaflokka sjóðsins, þ.m.t. til að takmarka misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til þess að minnka gjaldeyrisáhættu sjóðsins.

d) Aðrar helstu viðmiðanir við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu

Almennt:

1. Við það skal miðað að sem stærstur hluti af verðbréfum sjóðsins hafi þekkt markaðsverð og sé skráður í kauphöll og dreift eftir atvinnugreinum.
2. Markmið með virkri eignastýringu er að tryggja sem besta ávöxtun til lengri tíma litið, að teknu tilliti til áhættu. Beita skal virkri eignastýringu, þar sem því verður viðkomið, á þau verðbréf sem hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði og innlán. Hlutfall þetta nemur nú um 73% af heildareignum sjóðsins.
3. Viðmiðunarvísitala fyrir erlend hlutabréf er heimsvísitala Morgan Stanley. Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er Úrvalsvísitala NASDAQ OMX á Íslandi.
4. Viðmið um ávöxtun á skuldabréfasafni sjóðsins byggir á áhættuálagi á vaxtaferil ríkistryggðra skuldabréfa. Þannig eru breytilegir vextir á lánum til sjóðfélaga ákveðnir með 0,75% álagi





Leirhver í Námaskarði

á meðalávöxtun íbúðabréfa HFF150434 í viðskiptakerfi kauphallarinnar. Með tilliti til verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins er leitast við að halda meðallíftíma skuldabréfasafnsins löngum, en hann er nú 8,8 ár.

5. Lánveitingar til sjóðfélaga miðast við að annað sé eftirspurn eftir slíkum lánum samkvæmt lánareglum eins og þær eru á hverjum tíma.
6. Fjárfestingar sjóðsins skulu miðast við að kröfur útgefnar af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni eða tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki fari ekki umfram 5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Er þá miðað við samtölu verðbréfa, jafnt hlutabréfa sem skuldabréfa viðkomandi aðila. Þetta hlutfall má þó vera allt að 10% í heildarkröfum gagnvart einstökum viðskiptabönkum. Þetta á þó ekki við um skuldbindingar með ríkisábyrgð.

Hlutabréf:

Við fjárfestingar í hlutabréfum hefur stjórn sjóðsins markað eftirfarandi fjárfestingastefnu:

1. Fjárfest er í félögum sem eru skráð á skipulögðum mörkuðum.

2. Fjárfest er í öðrum hlutafélögum að jafnaði með a.m.k. 5 ára rekstrarsögu og hafa samþykktir sem tryggja hömlulaus viðskipti með hlutafé. Við mat á skilyrði um rekstrarsögu er m.a. horft til þess hvort fyrirtæki hafi verið fjárhagslega endurskipulagt, stofnað á grunni eldra fyrirtækis eða með samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja.
3. Þátttaka í nýsköpunarverkefnum og áhættufjármögnun fer fram í gegnum félög og sjóði sem hafa slíkar fjárfestingar á stefnuskrá sinni og lífeyrissjóðurinn hefur gerst hluthafi í.
4. Að jafnaði er ekki fjárfest í félögum ef einn aðili á meirihluta hlutafjár. Mat á því er háð ákvörðun stjórnar. Þessi regla á þó ekki við um einkavæðingu opinberra fyrirtækja, ríkis eða sveitarfélaga þegar fyrir liggja stefnuyfirlýsingar um sölu á meirihluta hlutafjár í þeim félögum, þó slík sala fari ekki fram í einu lagi.
5. Eignarhlutur í einstökum hlutafélögum skal ekki vera hærri en 15% af hlutafé viðkomandi félags. Þó getur eignarhlutur í samlagshlutafélögum numið allt að 20%.

Áhættustefna

Markmið með áhættustefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Í áhættustefnu felst að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meta áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Lífeyrissjóðurinn leggur ríka áherslu á það í störfum sínum að áhættustefnan og framkvæmd hennar sé virkur þáttur í starfsemi. Í ágúst 2012 samþykkti stjórnin áhættustefnu fyrir sjóðinn. Stefnan tekur m.a. mið af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða, reynslu, eðli og umfangi reksturs sjóðsins og skýrslu erlendra aðila eins og IOPS (e. International Organisation of Pension Supervision).

Í áhættustefnunni er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, þeir áhættuþættir sem sjóðurinn fylgist með tilgreindir sem og hvernig með þeim er fylgst. Jafnframt er í stefnunni áhættuskrá með yfirliti yfir helstu áhættuþætti.

Skilgreining áhættu

Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind, til samræmis við skilgreiningu í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins, sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Nær þessi áhætta bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum.

Samspil áhættustefnu og fjárfestingastefnu

Fjárfestingastefna lífeyrissjóðsins gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu hans. Þar er m.a. markaður rammi fyrir ráðstöfun fjármuna sjóðsins eftir eignaflokkum og takmarkanir á mótaðilaáhættu. Við móttöku áhættustefnu fyrir sjóðinn liggur til grundvallar mat á núverandi stöðu sjóðsins og þróun til framtíðar, til að mynda hvað varðar vænt greiðsluflæði, þróun lífeyrisskuldbindinga og samsetningu sjóðfélaga. Einnig er framkvæmd greining á áhrifum mismunandi eignasamsetningar eftir eignaflokkum á vænta áhættu og ávöxtun, t.a.m. á grundvelli svokallaðrar framfallsgreiningar.

Skipulag áhættustýringar

Hlutverk stjórnar samkvæmt lögum er að hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er samþykkt og innleiðing áhættustefnu. Á grundvelli hennar felur stjórn hans framkvæmdastjóra og eftir atvikum öðru starfsfólki sjóðsins umsjón með framkvæmd stefnunnar. Eftirlit stjórnar með framkvæmd stefnunnar byggir m.a. á reglulegri upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, upplýsingagjöf starfsmanna og yfirmanns áhættustýringar til framkvæmdastjóra og stjórnar, árlegri úttekt innri endurskoðunar og starfi endurskoðunarnefndar sjóðsins. Þá hefur endurskoðunarnefnd, endurskoðandi og innri endurskoðandi sjóðsins mikilvægu hlutverki að gegna við eftirlit með framkvæmd áhættustefnunnar.



Karlinn – klettur við Reykjaneskaga



Pingvellir

Þeir sem koma að framkvæmd áhættustefnu eru viðkomandi stjórnendur og aðrir starfsmenn eins og við á. Fram kemur í skipuriti að yfirmaður áhættustýringar heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Honum er heimilt að gefa upplýsingar um áhættustýringu beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Lífeyrissjóðurinn hefur jafnframt gert þjónustusamning við ALM Fjármálaráðgjöf hf. um ráðgjöf og framkvæmd einstakra verkþátta áhættustefnu og áhættustýringar sjóðsins.

Leiðir til að stýra áhættu

Í áhættustefnunni eru skilgreindar fimm leiðir til að stýra og/eða eftir atvikum takmarka áhættu. Þær eru:

1. Forðast áhættu
2. Draga úr áhættu
3. Yfirfæra áhættu
4. Meðvituð áhættutaka
5. Stýra áhættu

1. Forðast áhættu

Í rekstri sjóðsins er leitast við að komast hjá áhættu eftir því sem kostur er. Hér er reynt að útiloka áhættu, t.d. með því að fjárfesta ekki í tilteknum flokki eigna eða tilteknu verðbréfi. Áður en þessi aðferð er valin er

æskilegt að lagt sé mat á hvaða tækifærum er hafnað og hvaða áhrif það kann að hafa, bæði á mögulegan ávinning og kostnað.

2. Draga úr áhættu

Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að útiloka áhættu með öllu í starfsemi lífeyrissjóðs. Í þeim tilvikum sem ekki er hægt að stýra að fullu eða útiloka áhættu er leitast við að draga úr henni.

Ein leið til að draga úr áhættu er áhættudreifing eigna, t.d. með að velja saman eignaflokka sem hafa takmarkaða innbyrðis fylgni. Með áhættudreifingu er markmiðið m.a. að minnka líkurnar á tapi og að takmarka það tap sem einstakir atburðir geta valdið. Þetta getur t.d. falist í því að takmarka eign í tilteknum eignaflokki þannig að hún fari ekki yfir ákveðið hlutfall af heildareignum sjóðsins.

3. Yfirfæra áhættu

Hér er yfirleitt um varnir eða tryggingar að ræða, þar sem annar aðili tekur að sér áhættuna að hluta eða öllu leyti gegn gjaldi. Yfirleitt fer kostnaðurinn eftir því að hve miklu leyti áhættan er yfirfærð og hverjar líkur eru á tapi. Hér þarf sérstaklega að huga að markmiðum hvors aðila um sig, að sá sem tekur við áhættunni skilji og hafi burði til að takast á við hana og í hvaða samhengi vörnin verður virk.

4. Meðvituð áhættutaka

Hér er átt við áhættu sem er þekkt og ásættanleg eða óhjákvæmileg í rekstri lífeyrissjóðs. Þetta kann að vera nauðsynlegt til að ná markmiðum um ávöxtun eða ef ekki er mögulegt að beita áhættuvörnum eða það ekki talið svara kostnaði. Í þessu sambandi þarf að huga að þeim möguleikum sem eru fyrir hendi, hvort áhættan skuli alltaf vera opin, eða tímabundin. Því þarf að meta líkurnar á að áhættan valdi tapi, hverjar líklegar afleiðingar séu og hvort áhrifin séu innan viðunandi marka.

5. Stýra áhættu

Þar sem því verður við komið er áhættu sjóðsins stýrt með beinum aðgerðum sem fara eftir eðli máls hverju sinni.

Flokkar áhættu

Mikilvægur þáttur í áhættustefnu er að tryggja eins vel og kostur er góða yfirsýn yfir þá áhættuþætti sem einkum skipta máli í rekstri sjóðsins. Í því skyni er áhættunni skipt upp í fjóra megin flokka:

1. Fjárhagslega áhættu
2. Lífeyrstryggingaáhættu
3. Mótaðilaáhættu
4. Rekstraráhættu

Til upplýsingar er hér gerð nánari grein fyrir nokkrum áhættuþáttum.

1. Fjárhagsleg áhætta

Til grundvallar mati á fjárhagslegri áhættu sjóðsins eru eignir sjóðsins og áhætta sem þeim tengist greind út frá sjö áhættuflokkum.

1. Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta
2. Uppgreiðsluáhætta
3. Markaðsáhætta
4. Gjaldmiðlaáhætta
5. Ósamræmisáhætta
6. Verðbólguáhætta
7. Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

Um markaðsáhættu


Við mat á markaðsáhættu er til að mynda notuð svokölluð VaR greining (Value at Risk). VaR útreikningur er þekkt aðferðarfræði í fjármálastærðfræði til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við núverandi eignasafn, væntingar um ávöxtun og söguleg gögn. Er þetta einn mælikvarði á áhættu sjóðsins, en mikilvægt er að hafa í huga að þessir útreikningar byggja meðal annars á sögulegri ávöxtun og væntingum um ávöxtun einstakra eignaflokka.

Um verðbólguáhættu

Við mat á verðbólguáhættu er meðal annars greind næmni sjóðsins gagnvart verðbólgu. Þar sem allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar en um helmingur af eignasafninu er óverðtryggður myndast neikvæður verðbólgujöfnuður hjá lífeyrissjóðnum.

Myndin hér að neðan sýnir hvaða áhrif verðbólga hefur á tryggingafræðilega stöðu. Þar sést að við 5% verðbólguáskot myndi tryggingafræðileg staða sjóðsins versna um 1,9% að öllu öðru óbreyttu. Það er þó rétt að hafa í huga að verðbólga er oft drifin áfram af veikingu íslensku krónunnar og að eignir í erlendri mynt eru því ákveðin vörn gegn verðbólgu.

Bein áhrif verðbólgu á tryggingafræðilega stöðu




2. Lífeyrstryggingaáhætta

Lífeyrstryggingaáhætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.


Með því að framkvæma svokallaðar tölfræðilegar hermanir (e. simulation) á eignum og skuldbindingum sjóðsins miðað við mismunandi forsendur er hægt að meta líkur á að sjóðurinn þurfi að breyta réttindum, sbr. nánari ákvæði laga og samþykktu sjóðsins. Niðurstöður slíkra greininga má sjá á með-

fylgjandi myndum. Á efri myndinni eru forsendur m.a. tryggingafræðileg staða sjóðsins við lok árs 2012, væntingar um ávöxtun einstakra eignaflokka og stöðugt gengi íslensku krónunnar. Á myndinni sést að miðað við framangreindar forsendur eru litlar líkur á því að sjóðurinn þurfi að breyta réttindum á næsta ári. Á neðri myndinni er hins vegar gert ráð fyrir 25% verðfalli erlendra hlutabréfa og eru þá líkur á réttindaskerðingu 3,2%. Með þessum hætti er hægt að skoða mismunandi sviðsmyndir og meta út frá því líkur á réttindaskerðingu.

Tryggingafræðileg staða eftir 1 ár



Tryggingafræðileg staða eftir 1 ár



Forsendur: 25% verðfall erlendra hlutabréfa.

3. Mótaðilaáhætta

Með greiningu á mótaðilaáhöttu er leitast við að meta höttuna á því að gagnaðilar fjármálagernings standi ekki við skuldbindingar sínar. Undir mótaðilaáhöttu fellur m.a. útlánaáhötta, sem er sú áhötta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum. Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán, en dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaígildi eru afleiðusamningar. Útlánaáhötta er jafnan mæld með svokölluðu gjaldþolsprófi eða lánshæfismati.

Jafnframt er metin landsáhötta, þ.e. höttan á að fjárfestingar lífeyrissjóðs séu of tengdar einu landi eða landssvæði. Undir mótaðilaáhöttu fellur einnig afhendingar- og uppgjörshötta, þ.e. höttan á að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við samning.

4. Rekstraráhötta

Undir rekstraráhöttu fellur m.a. höttan á tapi sem orsakast getur af ófullnægjandi innri reglum, verkferlum, kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða sem og starfsmannaáhötta. Skilvirkar leiðir til að takmarka rekstraráhöttu eru skýrar innri reglur, starfslýsingar, verkferlar sem skilgreina verklag við helstu verkþætti og skýrt skipurit.

Undir rekstraráhöttu flokkast jafnframt pólitísk áhötta, en hún er skilgreind sem áhöttan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðs eða skerði eignir hans, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla t.a.m. breytingar á lögum eða reglum um starfseminna eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjörreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum og heimildum til fjárfestinga.



Hluthafastefna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er langtímafjárfestir sem hefur ásamt góðri arðsemi af hlutabréfaeign sinni það að markmiði að stuðla að vexti og viðgangi þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í.

Leiðbeinandi reglur SP um ábyrgar fjárfestingar

Lífeyrissjóðurinn varð fyrstur íslenskra stofnanafjársfesta aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna (SP) um ábyrgar fjárfestingar. Gefnar voru út sex leiðbeinandi reglur sem voru unnar af fulltrúum 20 stofnanafjársfesta frá 12 löndum og þar á meðal stærstu lífeyrissjóða vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á Umhverfisleg og Félagsleg málefni auk góðra Stjórnarháttar fyrirtækja (UFS) getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna um leið og hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi geta farið saman.

Með aðild að reglunum mun sjóðurinn á komandi misserum leitast við í samstarfi við aðra þátttakendur að;

- taka tillit til UFS málefna við mat á fjárfestingarkostum,
- vera virkur eigandi hlutabréfa,
- óska eftir að fyrirtæki geri grein fyrir stefnu sinni í málefnum UFS,
- stuðla að framgangi reglna SP hjá fjárvörsluaðilum,
- eiga samstarf um málefnið við aðra stofnanafjársfesta sem aðild eiga að reglunum,
- upplýsa ásamt öðrum þátttakendum um árangur okkar við að hrinda reglunum í framkvæmd.

Umhverfismál

Sjóðurinn mun í vaxandi mæli hafa til hliðsjónar við fjárfestingar hvernig fyrirtækin horfa til umhverfisþátta við rekstur sinn þ.e.;

- að fyrirtækin fari að lögum og reglum um umhverfismál,
- að þau leitist við að draga úr umhverfisáhrifum við rekstur,
- og þau geri hluthöfum reglulega grein fyrir stefnu sinni á sviði umhverfismála.

Félagsleg ábyrgð – Mannréttindi

Eftir því sem við verður komið verður horft til þess hvort fyrirtækin virði mannréttindi og eigi ekki aðild að barnaprælkun. Þau verði við rekstur sinn hvött til að taka tillit til alþjóðlegra sáttmála, t.d. alþjóðasáttmála SP sem samanstendur af tíu grundvallaratriðum sem taka á mannréttindum, vinnumarkaðssamskiptum, félagslegu umhverfi og spillingu.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Sjóðurinn mun horfa til þess við fjárfestingar hvort fyrirtækin fylgi góðum stjórnarháttum við rekstur (t.d. reglum OECD um stjórnarhætti) og gefi upplýsingar þar um í ársskýrslum. Horft verður til þess hvort innlend fyrirtæki fylgi leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ OMX á Íslandi og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja sbr. nú 4. útgáfa leiðbeininganna, mars 2012.

Hluthafafundur

Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu fyrirtækja auk bættra stjórnarháttar sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja. Sjóðurinn tekur afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfmarkaði með aðgerðum sínum.

Reglur stjórnsýslulaga

Reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi gilda, eftir því sem við getur átt, um meðferð mála og ákvarðanatökur í stjórn sjóðsins í einstökum málum. Reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi gilda með sama hætti um þá sem sjóðurinn styður til stjórnarstarfa í einstökum fyrirtækjum.

Af ofangreindu leiðir að stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri taka ekki þátt í umræðum eða ákvörðunum á stjórnarfundum sjóðsins um málefni fyrirtækja þar sem þeir hafa hagsmuna að gæta sem starfsmenn, eigendur eða stjórnarmenn.

Siða- og samskiptareglur

Gildandi siða- og samskiptareglur voru samþykktar af stjórn og starfsmönnum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2009. Reglurnar eru mikilvægur liður í að búa starfsemi sjóðsins traust starfsumhverfi. Þeim er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m. a. fjallað um góða starfshætti, meðferð trúnaðarupplýsinga sem og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.

Kjarni siða- og samskiptareglna sjóðsins er að stjórnarmenn og starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni og skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar. Þá er tekið fram að stjórn lífeyrissjóðsins og starfsmenn skuli vera meðvitaðir um þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sjóðfélaga.

Siða- og samskiptareglur

Meginhlutverk sjóðsins er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau, greiða út lífeyri og veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu. Í þeim tilgangi að sinna því hlutverki sem best hefur stjórn sjóðsins samþykkt eftirfarandi siða- og samskiptareglur starfsmanna. Reglurnar taka einnig til stjórnarmanna, eftir því sem við getur átt.

1. Markmið reglnanna

Stjórn lífeyrissjóðsins og starfsmenn hans eru meðvitaðir um þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sjóðfélaga. Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum.

Umsjón fjármuna sjóðsins felur í sér samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur verðbréfa. Stjórn LV leggur áherslu á að starfsmenn sjóðsins rækti slík samskipti í þágu lífeyrissjóðsins. Stjórn sjóðsins áréttar mikilvægi þess að öll slík samskipti séu í samræmi við gott viðskiptasiðferði.

Reglur þessar eru hluti af ráðningarsamningi starfsmanna. Með undirritun ráðningarsamnings skuldbinda starfsmenn sig til að hlíta reglunum eins og þær eru á hverjum tíma.

2. Góðir starfshættir

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni og skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar.



Stjórnarmenn og starfsmenn skulu gæta þess innan sem utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd hans. Áreitni af nokkru tagi getur ekki samrýmst góðum samskiptum og starfsháttum á vinnustað og er ekki liðin.

3. Hagsmunaárekstrar

Stjórnarmönnum og starfsmönnum ber að forðast hvers konar hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma milli starfa þeirra og annarra athafna eða tengsla við ytri aðila.

Þeir mega ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

4. Verðbréfavíðskipti starfsmanna

Um verðbréfavíðskipti gilda verklagsreglur LV um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.

Verklagsreglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sjóðsins og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

5. Meðferð trúnaðarupplýsinga

Stjórnarmenn og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6. Störf utan Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Starfsmönnum er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart lífeyrissjóðnum. Jafnframt mega starfsmenn ekki reka atvinnustarfsemi samhliða störfum sínum fyrir sjóðinn eða taka að sér launað starf utan lífeyrissjóðsins, nema með leyfi framkvæmdastjóra sjóðsins.

Starfsmönnum er óheimilt að sitja í stjórnnum fyrir tækja eða stofnana nema með leyfi framkvæmdastjóra.

Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga um lífeyrissjóði þá er framkvæmdastjóra óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar sjóðsins. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

7. Félagsmál og stjórnsmál

Áður en starfsmenn taka að sér ábyrgðarmikil forystustörf í félagsmálum eða stjórnsmálum skulu þeir upplýsa framkvæmdastjóra um það og ganga úr skugga um að það trúfli ekki störf viðkomandi fyrir lífeyrissjóðinn eða að hætta sé á hagsmunaárekstrum. Framkvæmdastjóri skal að sama skapi hafa samráð við formann stjórnar.

8. Gjafir

Stjórnar- og starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir af þjónustuaðilum og viðskiptavinum lífeyrissjóðsins. Frátaldar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti sem teljast algengar í slíkum tilvikum og verða því ekki taldar til hlunninda. Sé starfsmaður í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf skal hann leita álits framkvæmdastjóra. Sé framkvæmdastjóri í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf skal hann leita álits formanns stjórnar.

9. Boðsferðir og starfstengdar ferðir

Stjórnarmönnum og starfsmönnum lífeyrissjóðsins er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hverskonar, s.s. veiðiferðir, ferðir í golf, og kynnisferðir vegna einstakra fyrirtækja eða viðskiptakosta og aðrar sambærilegar ferðir.

Þrátt fyrir framangreint er stjórnarmönnum og starfsmönnum lífeyrissjóðsins heimilt að sækja kynningar um fjárfestingarkosti sem eru til þess fallnar að afla upplýsinga eða þekkingar sem að gagni koma við rekstur sjóðsins og gera þannig viðkomandi hæfari til að sinna starfi sínu. Kynningarar skulu hafa skýrt kynningarinnihald sem byggir á gögnum sem lögð eru fram á fundum því til stuðnings. Slíkum gögnum skal haldið til haga og gerð stutt skýrsla um ferðina og árangur af henni, sem vera skal aðgengileg þeim starfsmönnum sem gagn kynnu að hafa af henni.

Krefjist slíkar kynningar ferðalaga skal sjóðurinn bera kostnað vegna ferða og gistingar nema annað sé sérstaklega ákveðið og formleg heimild veitt til þess. Lífeyrissjóðurinn skal halda yfirlit um þær ferðir sem stjórnarmenn og starfsmenn fara í vegna starfa sinna. Stjórn sjóðsins skal árlega gerð grein fyrir öllum ferðum skv. framansögðu.

10. Viðurlög

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn.

Skattlagning eigna sjóðfélaga

Um mikilvægi þess að leggja í sjóð

Íslendingar búa að traustu lífeyriskerfi sem byggir á því að hver og ein kynslóð stendur að verulegu leyti undir lífeyri sínum. Með því er leitast við að koma í veg fyrir að útgjöld hins opinberra vegna framfærslu lífeyrisþega í framtíðinni leggi of þungar byrðar á sameiginlega sjóði.

Skattlagning framtíðartekna sjóðfélaga

Greiðslur lífeyris úr lífeyrissjóðum eru nú þegar orðnar meginstoð undir framfærslu lífeyrisþega og fyrirséð er að mikilvægi þeirra mun aukast þegar fram líður. Það var því mikið áfall fyrir grunnstoðir þessa sparnaðar og afkomuverndar sjóðfélaga þegar löggjafinn ákvað að leggja skatt á lífeyrissjóðina og þá um leið á eignir sjóðfélaga. Vert er að hafa í huga í þessu sambandi að í raun er ekki um eiginlega eign að ræða hjá lífeyrissjóðum heldur um áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Skattlagning þessi er því í raun fyrirframtekinn skattur af framtíðartekjum komandi lífeyrisþega.

Tilkoma skattsins

Í lok árs 2011 var lögfest stjórnarfrumvarp sem mælti fyrir um skattlagningu eigna lífeyrisþega í lífeyrissjóðum, sbr. lög 156 frá 23. desember 2011. Með skattlagningu þessari leituðust stjórnvöld við að afla tekna til að mæta útgjöldum vegna sérstakrar tíma-bundinnar vaxtaniðurgreiðslu.

Skattlagningin fólst í því að lagður var á skattur sem nam tilteknu hlutfalli af hreinni eign samtryggingardeildar lífeyrissjóða í lok árs 2011 og 2012. Hlutfall þetta nam 0,0814% af gjaldstofni. Hlutfalls-talan kann að sýnast lág en engu að síður námu greiðslur þessa skatts af hálfu sjóðfélaga Lífeyris-sjóðs verzlunarmanna samtals um 276 milljónum króna vegna ársins 2011. Í heildina nam skattlagningin fyrir lífeyrissjóðina í landinu um einum og hálfum milljarði króna.





Lómagnúpur

Mismunur í skattheimtu

Alvarleiki og óréttlæti gjaldtökunnar er ekki einungis í því fólgin að hér er um að ræða fyrirfram tekinn skatt af framtíðartekjum núverandi og verðandi lífeyrisþega, heldur að með slíkri skattheimtu var gefið hættulegt fordæmi. Þá bitnar skattlagningin fyrst og fremst á framtíðarhagsmunum sjóðfélaga hinna almennu lífeyrissjóða. Sjóðfélagar í lífeyrissjóðum sem njóta bakabyrgðar launagreiðanda, eins og til að mynda lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, fá skaðann hins vegar bættan með auknum framlögum frá skattgreiðendum (hinu opinbera) til sinna lífeyrissjóða. Þá leggst skatturinn ekki með jafn þungum hætti á eignir lífeyrissjóða sem kjósa að láta hluta af 12% lágmarksiðgjaldinu renna til séreignar.

Því miður eru mörg dæmi um álagningu skatta og gjalda sem upphaflega eru sögð tímabundin en festast svo í sessi. Því lögðu forsvarsmenn einstakra lífeyrissjóða sem og talsmenn Landssamtaka lífeyrissjóða, ásamt talsmönnum aðila vinnumarkaðarins, mikla áherslu á að fá stjórnvöld til að falla frá skattlagningunni og endurgreiða þegar tekinn skatt til sjóðfélaga.

Í því skyni gerði hópur lífeyrissjóða samkomulag við stjórnvöld um endurgreiðslu hluta af þegar greiddum skatti ársins 2011 auk þess sem samið var um að fallið yrði frá innheimtu skattsins vegna ársins 2012.

Stjórnvöld efndu samkomulagið að hluta

Skemmst er frá því að segja að stjórnvöld efndu samkomulagið ekki að fullu leyti þar sem þau beittu sér ekki fyrir því að afla lagaheimilda til að inna af hendi umsamda endurgreiðslu þegar greidds skatts. Þrátt fyrir það náðist sá mikilvægi áfangi með samkomulaginu að með lögum nr. 146. frá 28. desember 2012, var mælt fyrir um að fallið yrði frá nefndri skattlagningu á eignir sjóðfélaga lífeyrissjóða vegna ársins 2012.

Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn VR og fjórir tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda sem að sjóðnum standa en þau eru: Kaupmannasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Félag atvinnurekenda og Viðskiptaráð Íslands. Fulltrúar atvinnurekenda og VR hafa á hendi formennsku til skiptis þrjú ár í senn. Eftirtaldir hafa verið tilnefndir í stjórn af aðildarsamtökum sjóðsins fyrir kjörtímabilið sem lýkur í lok febrúar 2013:

Helgi Magnússon formaður
Benedikt Vilhjálmsson varaformaður
Ásta R. Jónasdóttir
Benedikt Kristjánsson
Birgir Bjarnason
Birgir M. Guðmundsson
Hannes G. Sigurðsson
Stefanía Magnúsdóttir

Ásta R. Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir M. Guðmundsson og Stefanía Magnúsdóttir eru kjörin af VR, Benedikt Kristjánsson er tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands, Birgir Bjarnason af Félagi atvinnurekenda, Hannes G. Sigurðsson af Samtökum atvinnulífsins að fengnu álit Viðskiptaráðs Íslands og Helgi Magnússon af Samtökum iðnaðarins að fengnu álit Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum hans. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru breytingar á samþykktum, mótun fjárfestinga- og hluthafastefnu, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits, lána-reglur, fjárhagsáætlanir og kynningarmál. Á liðnu ári kom stjórnin tíu sinnum saman til fundar og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 1059 stjórnarfundir.



Stjórn ásamt framkvæmdastjóra

Standandi frá vinstri Guðmundur Þ. Þórhallsson framkvæmdastjóri, Hannes G. Sigurðsson, Benedikt Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson varaformaður, Birgir M. Guðmundsson og Birgir Bjarnason

Sitjandi frá vinstri Stefanía Magnúsdóttir, Helgi Magnússon formaður, Ásta R. Jónasdóttir

Starfsmenn

Hjá sjóðnum starfa 33 starfsmenn. Stöðugildi á árinu 2012 voru 31,1 samanborið við 31,4 árinu 2011



Aftari röð frá vinstri:

Gerður Björk Guðjónsdóttir
Friðrik Nikulás­son
Anna Kristín Fenger
Ari B. Sigurðsson
Brynja Hauksdóttir
Valgarður Sverrisson
Einar Freyr Jónsson
Regína Jónsdóttir
Sigríður A. Sigurðardóttir
Haraldur Arason
Hildur Ósk Brynjarsdóttir
Þór Egilsson
Berglind Stefánsdóttir
Tómas N. Möller
Hólmfríður Ólafsdóttir
Anna María Ágústsdóttir
Þórhallur B. Jósefsson
Eyrún Björnsdóttir
Jenný Ýr Jóhannsdóttir
Ingibjörg Elín Þorvaldsdóttir
Þuríður Kristín Heiðarsdóttir
Guðmundur Þ. Þórhallsson

Fremri röð frá vinstri:

Sólveig Arnþrúður Skúladóttir
Helen Guðmundsdóttir
Helga Árnadóttir
Ragnheiður Valtýsdóttir
Hall­dís Hallsdóttir
Ragnhildur Heiðberg
Margrét Kristinsdóttir
Aðalheiður E. Þórðardóttir
Alda Sif Jóhannsdóttir

Á myndina vantar:

Kristín Gísladóttir
Kolbrún Sigurlaug Harðardóttir

Starfssvið

mannauðsstjóri / markaðsstjóri / deildarstjóri þjónustuvers
forstöðumaður eignastýringar
innheimta iðgjalda
tölvumál
deildarstjóri lánadeildar
skrifstofustjóri
tölvumál
lánamál
iðgjaldamál
deildarstjóri tölvudeildar
iðgjaldamál
deildarstjóri innheimtu / séreign
innheimta iðgjalda
lögfræðingur
gjaldkeri
eignastýring
ráðgjafi
þjónustuver
þjónustuver / lífeyrismál
þjónustuver
lífeyrismál
framkvæmdastjóri

þjónustuver
skjalavarsla / kaffistofa
innheimta iðgjalda
iðgjaldamál
innheimta iðgjalda
innheimta lána
deildarstjóri lífeyrisdeildar
deildarstjóri iðgjaldamála
bókhald

lánamál
þjónustuver

Ársreikningur

2012

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar nr. 1 – 18, kennitölur og deildaskipt yfirlit.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í álitum okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 14 sem fjallar um mat og framsetningu skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlavarnarsamningum. Óvíska er um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna.

Reykjavík 14. febrúar 2013.

PricewaterhouseCoopers ehf.


Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2012

Fjöldi sjóðfélaga, fyrirtækja og iðgjöld

Lífeyrissjóðurinn skiptist í sameignardeild og séreignardeild. Á árinu 2012 greiddu 48.350 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru 32.708, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. 7.733 fyrirtæki greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur námu 17.997 m.kr. samanborið við 17.330 m.kr. árið áður.

Lánveitingar og verðbréfavíðskipti

Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn 53.762 m.kr. til lánveitinga og verðbréfakaupa. Sjóðfélögum voru lánaðar 1.207 m.kr., skuldbreytingar sjóðfélagalána voru 1.145 m.kr. og aðrar fasteignaveðtryggðar lánveitingar námu 1.193 m.kr. Keypt voru ríkisskuldabréf fyrir 11.271 m.kr., kaup á skuldabréfum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga námu 1.548 m.kr. og skuldabréf fagfjárfestasjóða 5.116 m.kr. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 7.794 m.kr. Kaup innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina námu 16.714 m.kr. og sala nam 3.113 m.kr. Kaup erlendra verðbréfa námu 15.568 m.kr. og sala 16.275 m.kr.

Lífeyrisgreiðslur, ráðstöfunarfé og hrein eign til greiðslu lífeyris

Á árinu 2012 nutu 11.006 lífeyrisþegar að meðaltali lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 7.717 m.kr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 6,6% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 15,3%. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 415 m.kr. og að meðaltali þáðu 153 manns greiðslur úr séreignardeildinni. Ráðstöfunarfé á árinu 2012 var 51.872 m.kr. Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris nam 394.697 m.kr. í árslok samanborið við 338.943 m.kr. árið áður. Inneignir séreignardeildar námu 7.508 m.kr. samanborið við 6.570 m.kr. árið áður. Samanlagðar eignir sameignar- og séreignardeildar námu 402.205 m.kr. en 345.513 m.kr. í árslok 2011.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 341 m.kr. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 271 m.kr. sem er 1,54% í hlutfalli af iðgjöldum samanborið við 1,45% árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum var 0,07% en 0,08% árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu var 31,1 og nam heildarfjárhæð launa 303,6 m.kr., launatengd gjöld 76,7 m.kr. og gjaldfærð orlofsskuldbinding 3,9 m.kr. Lögbundið framlag sjóðsins í VIRK starfsendurhæfingarsjóð nam 31,1 m.kr.

Ávöxtun

Ávöxtun á árinu 2012 var 13,5% sem samsvarar 8,6% raunávöxtun samanborið við 2,9% raunávöxtun á árinu 2011. Hrein ávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 13,4% sem samsvarar 8,5% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er -2,4%, síðustu 10 ára 3,9% og síðustu 20 ára 4,6%.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2012 sýnir að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar um 0,4%. Við úttektina er miðað við að ávöxtun eigna sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Upplýsingastarf

Sjóðurinn birtir í ársbyrjun hvers árs auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og reikningum fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir sjóðfélögum hálfárslega, í mars og september, yfirlit yfir móttekin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrisréttindum. Með yfirlitinu fylgir jafnframt sjóðfélagabréf þar sem greint er frá starfseminni á liðnum mánuðum. Á ársfundi sjóðsins á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingastefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Á vefsíðu sjóðsins má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn, starfsemi, eignasafn, iðgjald, lífeyrisrétt og lánareglur.


Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2012. Ytra starfsumhverfi sjóðsins einkenndist sem fyrr af gjaldeyrishöftum og takmörkuðum fjárfestingarkostum. Í skýringum í ársreikningi er greint frá stöðu niðurfærslureiknings vegna skuldabréfa. Jafnframt er í skýringum greint frá óvissu í mati á fjárfestingum og stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga. Vegna gildandi reglna um gjaldeyrisviðskipti er sjóðnum ekki mögulegt að beita gjaldeyrisvörnum og er erlend verðbréfaeign sjóðsins því óvarin gagnvart gengissveiflum íslensku krónunnar.


Eftir lok reikningsársins hafa óverulegar breytingar verið á erlendum hlutabréfamörkuðum og á gengi íslensku krónunnar. Stjórn sjóðsins staðfestir ársreikninginn vegna ársins 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík 14. febrúar 2013.

Stjórn



Helgi Magnússon
stjórnarformaður



Benedikt Vilhjálmsson
varaformaður



Ásta Rut Jónasdóttir



Benedikt Kristjánsson




Birgir S. Bjarnason



Birgir M. Guðmundsson



Hannes G. Sigurðsson



Stefanía Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri



Guðmundur Þ. Þórhallsson

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2012

	Skýr.	2012	2011
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		6.031.908	5.876.541
Iðgjöld launagreiðenda		11.802.804	11.304.936
